



Þjóðsögur í ÓRÓA

Nokkrar þjóðsögur urðu kveikjur að söguþræðinum í ÓRÓA

Hér er að finna útdrætti úr nokkrum þeirra.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, V. bindi, skráð af Sigfúsi Sigfússyni.

1986, Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Af Skelja-Glámi

Í þennan tíma héldu menn sem áður hvern skuggakrók fullan af draugum, hvern hól og stein af álfum og hvern fjörubás af sjóskrímslum. Menn trúðu því enn fastlega að sæskrímsli það er áður er getið og hafmaður kallast hefðist við í Laxárbásnum undir fossi og gerði þaðan glettingar mönnum þeirra feðga, eins og fyrir var sagt um Böðvar. Hann var skapaður sem maður og allur hulinn skeljarögg.

Varnaði bónda að fara með fé ...“Hér hefir einhver ókind verið að skrípast í fjörunni. Eru þar förin í snjónum líkust því sem maður hefði gengið á hnjám og olnbogum. Ég skal sýna því stóra járníð.“ ... hrekur Skelja-Glám ofan í sjó.

Frá Galta og gullkistunum

Galti var forn í skapi og auðugur mjög svo hann átti tvær kistur fullar af gulli. Hann unni engum gullsins eftir sinn dag og því færði hann kisturnar austur frá bænum spölkorn og þar út í vatn sem Álftavatn heitir og sökkta þeim þar niður. Lét hann síðan koma sitt bjargið ofan á hvora þeirra og mælti svo um að ef einhver dirfðist að hreyfa við gullinu þá skyldi bærinn að Galtastöðum brenna. ...

Þetta var reynt og þá sýndist bærinn í ljósum loga en er heim kom slokknaði bálið og voru aðeins sviðnar þekjurnar. Aldrei síðan áráddu menn að ná kistunum því menn vildu ekki að bærinn brynni fyrir þá skuld.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir, I. bindi, skráð af Sigfúsi Sigfússyni.

1982, Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga.

„Hirtu um bein mín“

Á yngri árum sínum fór hann í eftirleit upp á afrétt Árnesinga. Þeir voru nokkrir saman. Fann Bjarni þá bein nokkur torkennileg og lét í poka sinn og sýndi félögum sínum þegar þeir hittust og spurði hvort þeir kenndu. Sögðu þeir að mannabein væru þótt torkennd sýndust. Bjarni kvað það rétt vera. Hafði Bjarni þau heim með sér og sýndi presti þau. Vildi klerkur að hann gerði þegar kistu að þeim svo þau yrðu strax jörðuð. Það úr taldi Bjarni. Kvað hann fleiri finnast beinin ef til vildi og bað prest geyma þessi fyrst um sinn á kirkjuloftinu. ... reynir að fá fólk með sér að leita, erfitt ... Um nóttina dreymir hann að til hans kemur ókenndur maður. Hann var að sjá miðaldra, mjög hár vexti en fremur grannur. Hann var þýður, glaðlegur og góðlegur á svip. Hann kastar orðum á Bjarna og segir. „Haltu áfram með það að safna beinum mínum í eitt.“ Leit hann svo vingjarnlega á Bjarna og hvarf. Um morgunnin fær Bjarni tvo vini sína með sér til að leita. Finnur loks öll beinin og höfðu með sér heim, komu þeim í kistuna og síðan vor þau grafin í kirkjugarðinum.

Ólafur Davíðsson

Íslenskar þjóðsögur III. bindi.

Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga 1979

Grettir Ásmundsson (bls. 18)

Vestanvert í Öxnadal er klettadrangur mikill upp undan Hrauni, sem nefndur er Hraundrangur. Hann er svo hvass og brattur, að engum er fært að komast upp á hann nema fuglinum fljúgandi. Sagt er að Grettir Ásmundsson hafi klifrað upp á drang þennan, skilið þar eftir hníf og belti og mælt svo um að sá mætti eiga með frjálsum næði, en þessir gripir fá líklega að vera þar í friði fyrst um sinn. Sunnan undir dranginum er ferstrendur fjallstallur og er sagt að þar sé geymt peningakvartil, en ekki er þess getið, hver hafi fólgið það þar.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Safnað hefur Jón Árnason. II. bindi

1993, Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Þórdís spákona (bls. 93)

Kona hét Þórdís og illa lynd. Hún bjó að Spákonufelli á Skagaströnd. ... Þórdís var bæði mikils verð og margs kunnandi, forvitra og framsýn og var tekin til að gera um stórmál sem Vatnsdæla segir, og ráðrík í héraði svo hún vildi nálega ein öllu ráða.

Deilur hennar við prestinn t.d. um Grákollu prestsins sem fór inn í land Þórdísar. Kindin fannst dauð eftir að stórt bjarg hafði hrunið ofan á hana. Prestur leggst veikur í rúmið og trúir að Þórdís hafi drepið kindina.

Nokkru seinna kallar hann til sín smalamann sinn því honum trúði hann best og fær honum vettling sinn og biður hann fara með hann suður á Spákonufellsborg og sæta því lagi að láta hann falla vestur af fjallseggjunum svo að hann komi á bak Þórdísi þegar hún sest þar að greiða hár sitt og skila til hennar að þetta sé þóknun frá Hofsprestinum til Þórdísar fyrir Grákollu. Smalinn fór sem prestur bauð honum og framkvæmdi erindið. En þegar hann lét vettlinginn falla kom hann lítið eitt við eggjarnar á fjallinu og varð af því skruðningur nokkur. Þá sá smalinn að Þórdís leit upp fyrir sig til að sjá hvað um væri að vera og sá hann þá í augu henni, en við það leið yfir hann á bjargsbrúninni og lá hann í ómegin lengi dags. En þegar hann rankaði við sér sá hann að Þórdís lá dauð undir hömrunum Hafði vettlingur prestsins orðið að þungum kletti á sínum förum. Við þær fréttir varð prestur alheill og reis úr rekkju. En Skagstrendingar lofuðu lausn sína frá ágangi og yfirráðum Þórdísar en vissu þó ógjörla hverjum þeim áttu að þakka hana.

Það er sagt um Þórdísi að hana hafi grunað að hún mundi eiga skammt eftir þegar hún var búin að drepa Grákollu, hafi hún því tekið kistu sína eina sem allar gersemar hennar og auðæfi voru geymd í, farið með hana upp á Spákonufellsborg og sett hana þar á klettahillu framan í hömrunum með lykilinn í skránni og sagt að sú kona skyldi eignast kistuna og öll þau auðæfi sem í henni væri sem væri svo uppalin að hún væri hvort „skírð í nafni heilagrar þrenningar né nokkur góður guðstitill kenndur og mundu þá gripirnir liggja lausir fyrir henni og hún eiga hægt með að ljúka kistunni upp. En öllum öðrum skyldi sýnast kistan klettur einn og bergsnagi fram úr þar sem lykillinn væri og svo lítur hún út enn í dag. Engin kona hefur heldur enn sem komið er orðið rík af kjörgripunum úr kistu Þórdísar spákonu.

Jónsmessa (bls. 555)

Jónsmessa hefur lengi verið höfð í hávegum en úr helgidagatölu var hún tekin með kónigsbréfi 26. október 1770. Þó var Jónsmessunóttin í öllu meiri metum til forna en dagurinn á eftir því þótti best fallin til að fá sér bæði kraftagrös og náttúrusteina. Þá nótt er og döggin

svo heilnæm að hver sá sem veltir sér ber í henni verður alheill sjúkleika síns hvað sem að honum gengur. Sömu nótt hafa og heppnast vel útisetur á krossgötum.

Lásagras (bók IV) bls. 20

Það vex hjá uppsprettulækjum þar jörð er góð, gult á lit og hefur eina fagurbláa rós í kollinum með smálaufum sem liggja upp eftir. Það er lítið vexti en gefur þó af sér sterka lykt. Það skal taka þá sól gengur í ljónsmerki og geyma það í dauðsmannshári undir hægri hendi. Svo á sér borið hefur það upp allar skrár og lása sem það er að borið þá menn það vilja.

Mjaðurt og fleiri grös (bók I bls. 644)

Mjaðurt hefur og verið höfð til að vita hver stolið hafi. Hana skal taka sjálfa Jónsmessunótt um lágnættið, láta í munnlaug við greint vatn og leggja urtina á vatnið. Fljóti hún þá er það kvenmaður en sökkti hún þá er það drengur. Skugginn af jurtinni sýnir hver maðurinn er. Þar við á að lesa þennan formála. „Þjófur, ég stefni þér heim aftur með þann stuld er þú stalst frá mér með svo sterkri stefnu sem guð stefndi djöflinum úr paradís í helvíti.“

Freyjugras er haft til þess að vita hver frá menni stelur. Fyrst skal láta það liggja þrjár nætur í vatni, leggja síðan undir höfuð sér og sofa á og mun maður þá sjá þann er stolið sefur.

Brönugrös (bls. 22)

Það gras sem kallast brönugrös. Þau vaxa í fjallahlíðum móti sólar undigöngu. Það er spannarhátt og ljósgrænt á lit og vaxa mörg upp af sömu rót. Þau hafa mikinn legg neðan og er hann loðinn sem skarífifill en lauf eru upp eftir leggnum og úr kollinum er rautt fræ sem korn. Um þetta gras er í gömlum fræðibókum skrifað að það hafi þá náttúru að ef það er í hvítu silki látið liggja undir kvenmannshöfði eður kodda svo hún sofni þar á, þá fær hún stóran kærleika til þess manns er því olli. Þetta gras á að takast á Jónsmessunótt með fjöru sjávar. Brönugrös hafa menn haldið ykju ástir milli karla og kvenna og verkuðu frjóvunarkraft.

Tjörnin á Klakki (bls 23)

Margir eru þeir staðir sem gott og fengsamt hefir þótt að dvelja á Jónsmessunótt og einn af stöðum þessum er kringum tjörn þá sem er uppi á fjallinu Klakk (milli Kolgrafa og Grundarfjarðar). Á öllum öðrum tímum en á Jónsmessunótt sér enginn maður annað en að

grjótið kringum tjörnina sé blágrýti og urð en á Jónsmessunótt glóir það allt af gimsteinum og af þeim getur þá hver sem vill fengið slíkt er hann getur borið. ...

Upp á Klakki er tjörn ein og er hún tvíbytna, þar er flóð og fjara eins og í sjónum. Er í henni og enda kringum hana mikið af náttúrusteinum og eru steinar þessir bæði góðir og illir, heillasteinar og óheilla. Þarf mikinn lærdóm og kunnáttu til að þekkja þá hvern frá öðrum og er það á fárra færi, líka er mesti vandi að geyma þá og nota. En hver sem er fær um þetta getur á Jónsmessunótt fengið hverja þá náttúrusteina sem hann vill, svo sem lausnarstein, óskastein, varnarstein mót öllu illu o.s.frv. Hoppa þeir þá upp á móti manni, einkum hinir góðu steinarnir og er þá hægt að höndla þá. Fást þaðan einir hinir bestu óskasteinar.